

Yfirlit efnis í þremur fundargerðabókum Mjólkurflutningafélags Svarfdæla

Bók 1, 1935-1946:

Fundargerðir, allt frá stofnun Mjólkurflutningafélags Svarfdæla; fyrsti fundur skráður 30. marz 1935 o.áfr. til 7. febrúar 1946.

Einnig eru í bókinni afrit af nokkrum bréfum (inn á milli fundargerða ársins 1942) og enn fremur reglugerð félagsins (aftast).

Bók 2, 1946-1965:

Fundargerðir, 13. feb. 1946 til 28. júní 1965.

Einnig eru í bókinni afrit af nokkrum bréfum og öðrum erindum varðandi reksturinn:

- Bréf til hreppsnefnda Dalvíkur- og Svarfaðardalshrepps 1946 um þátttöku þeirra í kostnaði vegna snjómoksturs,
- svar frá hreppsnefnd Dalvíkurhrepps 1946 við ofangreindu erindi,
- tillaga, samþykkt á aðalfundi félagsins 1949, sem auðsjáanlega hefur verið send vegamálastjórn í Eyjafirði,
- bréf til Karls Friðrikssonar 1951 um þátttöku ríkisins í kostnaði við mjólkurflutninga úr öðrum sveitum Eyjafjarðar,
- bréf til stjórnar KEA 1952 um stofnun rjómabús og/eða gerilsneyðingarstöðvar á Dalvík
- greinargerð varðandi bílakaup 3. apríl 1958,
- endurnýjuð reglugerð fyrir starfsemi Mjólkurflutningafélags Svarfdæla,
- yfirlit yfir innlagða mjólk og verð til bænda ásamt flutningsgjaldi (1928-1961), sem og yfir endanlegt meðalverð í öllum Eyjafirði, bls. 196-197,
- yfirlit yfir innlagða mjólk og verð til bænda ásamt flutningsgjaldi (1962-1975), sem og yfir mjólkursölu og lítraverð í öllum Eyjafirði, bls. 198-199 (var sent í sérstöku skjali í „landscape“).

Bók 3, 1965-1978:

Fundargerðir, 4. nóv. 1965 til 15. apríl 1978

Einnig eru í bókinni afrit af nokkrum bréfum og öðrum erindum varðandi reksturinn:

- Uppsagnarbréf eins bílstjóra 1966,

- bréfaskipti milli formanns Mjólkurflutningafélagsins og Jakobs Frímanssonar frkv.stjóra KEA 1968 varðandi vöruflutningataxta milli Akureyrar og Dalvíkur,
- bréf til Mjólkurflutningafélagsins frá Snorra Árnasyni á Völlum 1971 með tillögu um aukagreiðslu til bílstjóranna,
- nokkur bréfaskipti milli stjórnar Mjólkurflutningafélagsins og stjórnar KEA með söluviðræðum v/flutningabíllanna 1975, og beiðni um lán út á bifreiðirnar í framhaldi af því að samningar drógust á langinn,
- reglugerð félagsins endurnýjuð 1969 og fellir úr gildi reglugerð frá 1953 (færð í bókina aftan við fundargerðir ársins 1977),
- tillaga, lögð fram og samþykkt á aðalfundi Mjólkurflutningafélagsins 1977 um að félagið verði lagt niður og allar eignir og kvaðir afhentar Ræktunarsambandi Svarfdæla, lesin á stjórnarfundi og skráð í síðustu fundargerð félagsins, 15. apríl 1978.